

AUGLÝSING
um deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í landi
Vorsabæjar, Hveragerðisbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 8. mars 2001 nýtt deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í Hveragerði. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, af Varmá í austri, af Öxnalækjarlandi í suðri og línu sem er u.þ.b. 300 metra vestan við Varmá í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 27. apríl 2001.

F. h. bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.